



Stjórnarfundur í Þekkingarsetrinu á Blönduósi haldinn mánud. 28. september 2015 kl. 16:00

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Námsver.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2016.
4. Önnur mál.

Mætt eru Katharina Schneider, Valgarð Hilmarsson, Berglind Björnsdóttir og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð. Stjórnarformaður er erlendis og Katharina setti fund í fjarveru hans og bauð fundarmenn velkomna.

1. Katharina fór yfir stöðu mála. Sumarstarfsmaður aðstoðaði Kat og Dan í sumar, einnig kom starfsmaður úr unglingavinnu öðru hvoru í ákveðin verkefni. Einnig var listamaður starfandi í afleysingum í sumar við textíllistamiðstöðina.
Málþing um Jóhönnu Jóhannesdóttur var haldið í gær, heppnaðist vel og u.þ.b. 60 manns mættu. Styrkur fékkst frá Landsvirkjun, Húnavatnshreppi og sóknaráætlun Nl. vestra. Í vor var verið að vinna að undirbúningi viðgerða á vefstólum í Kvennaskólanum. Sótt var um undirbúningsstyrk frá Sóknaráætlun Nl. vestra og fengust 150 þús. kr. í það verkefni. Teknar verða myndir af hverjum vefstól og gerð greining á því sem þarf að lagfæra.
Aðsókn listamanna hefur aukist að textíllistamiðstöðinni sem m.a. má rekja til nýbreytni. Bæta þarf snyrtiaðstöðu listamanna en það hefur tafist hjá eigendum hússins.
Katharina kynnti bækling sem búið er að gefa út á vegum Þekkingarsetursins þar sem starfsemi í Kvennaskólanum er kynnt.
Unnið hefur verið að stórum þýðingarverkefnum fyrir Skagaströnd og Skagafjörð.
Í vor var unnið að hagkvæmniathugun á sameiningu Hafísseturs og Laxaseturs. Niðurstaða hennar var sú að það væri ekki hagkvæmt eða skynsamlegt að sameina þessar sýningar í núverandi mynd.
Cat og Dan hafa sótt ráðstefnur, sinnt rannsóknarvinnu og sótt um rannsóknarstyrki.
Katharina sat samráðsfund með fulltrúa farskólans og í framhaldi af því hefur verið auglýst námskeið fyrir starfsmenn bókasafna á Nl. vestra. Mjög mikil aðsókn er að því.
2. Þekkingarsetrið er umsjónaraðili með námsveri. Mikil próftaka er í námsverinu og spurning hvort ætti að setja upp gjald vegna þessa. Einnig eru nokkrir aðilar í leik- og stuðnámi, ásamt því að haldin eru námskeið þar á vegum farskólans. Einnig sækja einstaklingar í námsverið.
3. Vinna þarf að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Katharina fór yfir grunnatriði varðandi undirbúning áætlunarinnar. Einnig ræddi hún hugsanlegar styrkumsóknir á vegum Þekkingarsetursins og í samstarfi við aðra. Rætt var um hugmyndir og verkefni.
4. Samráðsfundur er með ráðuneyti 9. okt. Cat og Katharina fara á Article Circle ráðstefnu í Reykjavík í október, ársfundur Þekkingarsetra verður á Selfossi. Stefnt er að fulltrúaráðsfundi í haust.

Fund þarf að dagsetja vegna gerðar fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2016. Katharinu falið að boða stjórnarfund um miðjan október.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:45

Þóra Sverrisdóttir